Nd. **621. Lög**

um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí).

1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita »Hestamannafjelaginu Fáki« í Reykjavík leyfi til 5 ára í senn til þess að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar, með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð. Áskilja skal í reglugerðinni, að 10% af hagnaði fjelagsins af starfsemi þessari skuli varið til reiðvegar Reykvíkinga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.